

Nr. 401

13. apríl 2015

**REGLUGERÐ
um breytingu á reglugerð um hámarksfjárhæð
innheimtukostnaðar o.fl. nr. 37/2009.**

1. gr.

Á eftir 6. gr. kemur ný grein er verður 6. gr. a, svohljóðandi:

Innheimtubætur skv. 6. gr. laga um greiðsludrátt í verslunarviðskiptum skulu koma til frádráttar innheimtukostnaði skv. reglugerð þessari, hvort sem þeirra hefur verið krafist fyrir eða eftir innheimtuaðgerðir á grundvelli reglugerðar þessarar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um greiðsludrátt í verslunarviðskiptum, nr. 8/2015 og 12. gr., sbr. 21. gr., innheimtulaga nr. 95/2008, öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 13. apríl 2015.

F. h. iðnaðar- og viðskiptaráðherra,

Valgerður Rún Benediktsdóttir.

Brynhildur Pálmarsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 29. apríl 2015